

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Sendandi:

Dr. phil. Guðrún Kvaran
Kt: 210743-4809

Staða: prófessor emeritus í íslensku frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands, lengi forstöðumaður Orðabókar Háskólans og síðar sviðsstjóri á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; formaður Íslenskrar málnefndar í 14 ár. Sat tvö tímabil í mannanafnanefnd, í fyrra skiptið sem formaður.

Inngangur

Ég sendi inn tvö álit um frumvörp til laga um mannanöfn í mars og október 2018. Allt sem í þeim stendur er enn bjargföst skoðun mín. Ég mætti á fundi hjá allsherjarnefnd en mér fannst áhugi nefndarmanna afar takmarkaður á því sem ég hafði að segja. Ég ætlaði því ekki að skrifa um þetta frumvarp, var eiginlega búin að fá nóg af því að hjakka í sama farinu, en fjöldi samtala við fólk á öllum aldri og af öllu landinu hefur setið í mér og ég ákvað að setjast niður einu sinni enn og senda inn nú á síðasta degi. Í gærkvöldi hringdi nefnilega öldruð kona frá Egilsstöðum og sagði: „Hvert erum við að stefna, Guðrún, hvað er Alþingi að hugsa?“ Við áttum langt og gott samtal og ég hygg að konunni hafi liðið betur þegar við kvöddumst þótt ég hafi ekki átt gott svar handa henni en sjálfri leið mér ekki vel.

Ég leyfi mér að halda því fram að ég gerþekki íslenskan nafnaforða og þær tískubylgjur sem orðið hafa á liðnum öldum (sjá ritið Nöfn Íslendinga 1991, 2011 (ný útgáfa) og uppfærslu á handbókavefnum snöru.is, síðast 2019) og hafi því ef til vill eitthvað að segja.

Efni: 151. löggjafarþing 2020–2021.

**Þingskjal 162 — 161. mál. Frumvarp til laga um mannanöfn.
Stjórnarfrumvarp.**

Nokkrar athugasemdir

3. gr.

„Nöfnin skulu rituð með bókstöfum íslenska nútímastafrófsins að viðbættum stöfunum c, q, w og z. Nafnið má hvorki vera stakur bókstafur, skammstafanir, tölustafir, greinarmerki eða önnur tákn. Nafnið verður að vera hægt að bera fram í íslensku. Að jafnaði má ekki afbaka hefðbundinn rithátt nafna.“

Orðasambandið *að jafnaði* er hér og víðar í frumvarpinu notað án þess að ljóst sé við hvað er átt. Það er ekki í samræmi við skýrt mál í gögnum opinberra aðila. Í 217. pistli Jóns G. Friðjónssonar, sem lesa má í Málfráttastofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, vísar Jón í tvær orðabækur:

„Orðasambandið *að jafnaði* er skilgreint svo í Íslenskri orðabók annars vegar og orðabók Sigfúsar Blöndals hins vegar:

að jafnaði ‘oftast nær, venjulega’ (Íob);
að jafnaði ‘i Regeln, sædvanlig, i Almindelighed’ (SBl).“

Enginn ætti að efast um þekkingu Jóns G. Friðjónssonar á íslensku máli.

Í greinargerðinni fékk ég ekki svar við hugleiðingum mínum. Má þá „oftast nær“ ekki afbaka hefðbundinn rithátt nafna og ef svo er hvenær þá og hver verður hefðbundinn ritháttur nafna þegar allt verður leyft?

Í greinargerðinni um 3. grein stendur að nöfn skuli rituð með bókstöfum íslenska nútímastafrófins og að hægt skuli vera að bera þau fram í íslensku. Engin dæmi eru tekin. Ég ætla að benda á nöfn Víetnama sem hefjast á Ð. Stafurinn er í íslenska nútímastafrófinu og vel er hægt að bera nöfnin fram, t.d. Ðao. Ég sé að í þjóðskrá kemur bæði upp rithátturinn Ðao og Ðao og ég skil frumvarpið þannig að í lagi sé að hefja nafn á stóru ð-i, þ.e. Ð, þótt ekkert orð í íslensku máli hefjist á Ð. Þetta er auðvitað í anda frelsisins en hvers eiga þá aðfluttur Grikkir að gjalda og þeir sem nota rússneska stafrófið? Hvert er þeirra frelsi? Þeir verða að umrita. Ég tek skýrt fram að ég er ekki að mæla með grískum eða rússneskum rithætti eða rithætti úr öðrum starófum en ef leyfa á c, q, w og z er það þá ekki skerðing á margumtöluðu frelsi og jafnrétti að banna hinum að rita nöfn sín eins og tíðkast í upprunalegu heimalandi þeirra?

4. gr.

Tekið er fram að eiginnafrn skuli vera í nefnifalli. Það er mikill kostur því að þá dettur engum í hug að skrá nafn sitt í þolfalli eða þágufalli, hvað þá í eignarfalli og bannað er að hafa það með greini. Í 4. gr. stendur ekkert um að erlend eiginöfn verði heimiluð en í greinargerðinni stendur: „Rýmkun reglnanna felur einnig í sér að erlend eiginöfn verða heimiluð og ekki er gert ráð fyrir að þau þurfi að laga að íslensku beygingakerfi.“ Þetta er ein af verstu greinum frumvarpsins, ekki endilega erlendu nöfnin sem slík heldur að ekki þurfi að laga þau að íslensku beygingakerfi. Það á þegar undir högg að sækja þrátt fyrir greinar á „facebook“ sem halda öðru fram.

Um síðara frumvarpið frá 2018 skrifaði ég um svipaðan kafla: „Nöfn eru hluti tungumálsins rétt eins og borð og stóll. Vissulega eru mörg þeirra af erlendum uppruna en þau hafa aðlagast beygingarkerfinu rétt eins og aragrúi erlendra tökuorða sem einnig á rætur í „danskri, franskri og enskri menningu“ (tekið upp úr frv.). Nefna hefði mátt norska, þýska, ítalska og fleiri áhrifavalda fyrst verið var að geta um þá yfirleitt.“

Stjórnvöld ætla að láta mikið fé renna til máltækni, m.a. til þess að við getum talað við tölvuna, símann, ískápinn og fleiri raftæki. Mennta- og meningarmálaráðherra boðaði átak til eflingar íslenskri tungu, sem ber að fagna ef af verður, en ekki löngu síðar er lagt fram frumvarp sem vinnur beinlínis gegn íslensku mál- og beygingarkerfi, stjórnarfrumvarp. Ótrúlegt.

Sem betur fer er enn inni að eiginnafrn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Ég skrifaði um amaákvæðið 2018 og nefndi þar stúlkuna sem átti að fá nafnið Guð Rún af því að nú væri vitað að Guð væri kona. Hún hætti við nafngjöfina eftir langt samtal okkar. Nú nefni ég annað dæmi sem þjóðskrá ætti ekki í neinum vandræðum með að skrá og færi vafalaust í gegn umhugsunarlaust. Kona hringdi og spurði um beygingu nafnsins Ír. Ég beygði nafnið Íri, Íri, Írar. „Ertu alveg viss. Við höfum valið Lind sem fyrra nafn og nú

ætluðum við að hafa Ír sem annað nafn.“ „Já /lin-dír/“ sagði ég og komst ekki lengra. „Guð minn almáttugur, þakka þér fyrir,“ sagði konan og við kvöddumst. Bæði nöfnin eru góð og gild en dæmið sýnir hve mikilvægt er fyrir fólk að geta hringt og rætt málin. Þannig starfaði mannanafnanefnd á mínum tíma og án efa áfram og hennar er sannarlega þörf. Fólk þarf að vita hvert það á að hringja og við hvern það getur talað. Ég stórefa að þjóðskrá sé rétti aðilinn. Fremur einhver/ein hverjir á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en er þá ekki kominn vísir að mannanafnanefnd? Hún hefði reyndar ekki lagalega stöðu en gæti haft mikil áhrif á nafnaval ef svarandinn væri sannfærandi.

5. gr.

Í þessari grein hnýt ég um orðið *bur* sem kenningarnafn. Gerði það reyndar einnig 2018. Í greininni stendur: „Kenning til foreldris er mynduð þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum kemur nafn foreldris eða foreldra í eignarfalli, að viðbættu -son ef karlmaður er, -dóttir ef kvenmaður er eða -bur ef skráning kyns er hlutlaus. Einnig er heimilt að nota sem kenningu eingöngu nafn foreldris í eignarfalli.“ Þótt viðliðurinn *-bur* hafi verið heimilaður í lögum nr.80/2019 er hann eftir sem áður karlkyns. Máli mínu til stuðnings vísa ég í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þar er fyrirsögn greinarinnar: bur **karlkynsnafnorð**. Einnig má minna á kvæði Matthíasar Jochumssonar *Minni Ingólfs* en lokaerindið hefst á línunum: Blíð og fríð frelsistíð,/ frægur steig á grundu/ Ingólfur Arnarbur,/ íturhreinn í lundu.

2018 skrifaði ég til þeirrar nefndar sem þetta er ætlað: „*Bur* er og hefur alltaf verið karlkynsorð í merkingunni ‘sonur’. Fletta má í almennum íslenskum orðabókum en einnig í orðsifjabókum (t.d. fornálsorðabók Jan de Vries (orðið skrifað *burr*) og orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar). Merkingin er alltaf hin sama, ‘sonur’. Ef einhver sem ekki þekkir orðið kynni að fletta því upp fengi hann það svar að orðið væri karlkyns. Sýnd var beyging orðsins og sagt að það falli að beygingu hvorugkyns nafnorða. Það vill svo til að mörg hvorugkynsorð beygjast eins og karlkynsorð falli þau að sterkri beygingu en þau breyta ekki um kyn við það.“ Skoðun mín hefur ekki breyst.

Ég hef skrifað um kenningu til föður eða móður áður í umsögn og ætla ekki að gera það einu sinni enn. Það er að bera í bakkafullan lækinn. Ég skora samt á Alþingi að gera allt sem í þess valdi stendur til þess að standa vörð um þennans menningararf Íslendinga. Ég hef skrifað um þennan sið víða en læt nægja að benda á eina grein.¹

Inngangur að greinargerð.

2.1.c

„Rétt er talið að fella úr mannanafnalögum takmarkanir á nafngjöf og gefa þannig fullorðnum einstaklingum og foreldrum barna frelsi til að velja nöfn sín og barna sinna. Mannanafnanefnd er þá óþörf og hún því lögð niður.“

Talað hefur verið um mannanafnanefnd eins og hún sé afsprengi hins illa. Fjölmiðlar hafa átt mikinn þátt í að sverta hana frá því að hún var fyrst sett á laggirnar og nú fulltrúar Alþingis.

¹ Guðrún Kvaran. 2007. *Das isländische Personennamensystem*. Í: Europäische Personennamensysteme. Ein Handbuch von Abasisch bis Zentralladinisch. Bls. 310–321. Baar, Hamburg.

Mér er afar vel kunnugt um að þeir sem setið hafa í nefndinni hafa allir reynt sitt besta til að fara að lögum og nefndin hefur rökstutt niðurstöður sínar eins og sjá má á netinu (island.is). Ekki hefur verið um geðþóttaákvæðanir að ræða. Ég sat tvisvar í mannanafnanefnd og þær nefndir sögðu báðar af sér vegna tilburða tveggja ráðherra til að gera meira fyrir Jón en séra Jón. Nefndirnar fóru báðar að lögum sem ráðherrarnir gátu ekki sætt sig við.

Umsagnir fjölmiðla hafa afar oft byggst á þekkingarleysi sem smitað hefur út í þjóðfélagið. Þeir sem greiðan aðgang hafa að fjölmiðlum hafa iðulega hnýtt, beint eða óbeint, í mannanafnanefnd. Nefna má nýlegt viðtal við málfráðunaut ríkisútvarpsins (23.10.2020) sem birt var á ruv.is. Þar segir: „Fyrsta mannanafnanefndin stofnuð með þessum lögum [Innskot: átt er við löggin frá 1913]. Eitt af verkefnum nefndarinnar var að útbúa lista með íslenskum mannanöfnum. „Það voru þrír menn í þessari nefnd og þeir fengu að ráða því hvaða nöfn voru leyfileg á Íslandi. Fram að því voru engar hömlur,“ segir Anna Sigríður.“

Mér er ekki kunnugt um þær hömlur sem ráðunauturinn vísar til. Lesa má greinargerð fyrir tillögunum og hvers var ætlast af þeim þremur mönnum sem valdir voru í nefndina.² Hvergi kemur fram að þessir menn hafi fengið að ráða hvaða nöfn væru leyfileg á Íslandi. Verkefni þeirra var, samkvæmt bréfi frá Stjórnarráðinu frá 26. febrúar 1914, að semja: „Skrá yfir góð íslensk, forn og ný eiginheiti karla og kvenna, er sérstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni.“ Þegar þetta var ritað blómstraði sú tíska að mynda karlmannsnafn af kvenmannsnafni og öfugt með ákveðnum viðliðum, t.d. Guðrúníus og Guðrúnn af Guðrún og Katríníus af Katrín, sem mörgum féll afar illa. Þessi bylgja lognaðist að mestu út af.

Tækifærið var beinæinis nýtt í viðtalinu til að hnýta í mannanafnanefnd.

Lokaorð

Ég gæti skrifað mun lengra mál um framlagt frumvarp en læt hér staðað numið. Mér finnst frumvarpið firnavont og engu betra en þau tvö sem ég skrifaði um 2018. Ég veit ekki af hverju ég er að þessu, e.t.v. fyrir öldruðu konuna á Egilsstöðum.

29. október 2020
Guðrún Kvaran

² Íslensk mannanöfn. Lög, nefndarálit og nafnaskrár. Gefið út að tilhlutun Stjórnarráðs Íslands samkvæmt lögum nr. 41, 10. nóv. 1913, bls. 49. Reykjavík 1915.

